

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1008  
komudagur 17.12.2010



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræði 8-10.  
150 Reykjavík

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Vegmúla 3 150 Reykjavík  
sími: 545 8700 bréfasími: 551 9165  
postur@hbr.stjr.is  
heilbrigdisraduneyti.is

Reykjavík 16. desember 2010  
Tilv.: HER10020053/09.90.00

**Efni: Athugasemdir við breytingartillögur heilbrigðisnefndar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum, og um brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, vegna stofnunar nýs embættis landlæknis og lýðheilsu.**

Við er til tölvubréfs, dags. 14. desember sl., þar sem óskað er eftir athugasemdum ráðuneytisins við breytingartillögur heilbrigðisnefndar vegna ofangreinds lagafrumvarps.

Ráðuneytið vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

1. Ráðuneytið leggst gegn því að breyting verði gerð á a-lið 6. gr. frumvarpsins og ítrekar það sem fram kemur í athugasemdum við 6. gr. frumvarpsins. Mikilvægt er að horfið verði frá núverandi skipulagi ráðanna, en með nýju fyrirkomulagi skapast möguleikar á að forvörnum sé beitt í samþættu formi en ekki hverjum þætti aðskildum fyrir sig, eins og tíðkast í dag. Þá skal þess getið að forsvarsmenn Landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar og sérfræðingar innan ráðuneytisins eru sammála um að núverandi fyrirkomulag sé úrelt og hamlandi.
2. Í a-lið 6. gr. frumvarpsins á að koma *heilbrigðisráðherra* í stað *heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra*. Verði gildistöku laganna frestað til 1. mars 2011 skal koma *velferðarráðherra*.
3. Í b-lið 6. gr. er gert ráð fyrir þeirri breytingu að stjórn verði sett yfir lýðheilsusjóð sem skipuð verði sjö fulltrúum, þar á meðal fimm fulltrúum sem tilnefndir eru af fagráðunum. Ráðuneytið gerir ekki athugasemd við að stjórn sé sett yfir lýðheilsusjóð en gerir þó athugasemd við hvernig þeir fimm fulltrúar, sem tilnefndir eru af fagráðum, skulu valdir í stjórnina. Í breytingartillögum heilbrigðisnefndar er gert ráð fyrir að starfrækja skuli a.m.k. fimm fagráð við embættið, sbr. a-liður 6. gr. Hér er ekki um tæmandi talningu að ræða og því er gert ráð fyrir að fagráðin geti verið fleiri en fimm. Með hliðsjón af því er óljóst frá hvaða fagráðum þeir fimm fulltrúar, sem fagráðin eiga að skipa í stjórn lýðheilsusjóðs, skulu koma.
4. Ráðuneytið vekur athygli á að um þó nokkurt skeið hefur staðið yfir undirbúningur að sameiningu Landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar og hann gengið vel. Undirbúningi fyrir sameininguna er nánast lokið og því telur ráðuneytið ekkert því til fyrirstöðu að lögin taki gildi 1. janúar 2011.

5. Ráðuneytið bendir á að ósamræmi er að finna í 10. gr. og 13. gr. frumvarpsins.

Fyrir hönd ráðherra

A handwritten signature in black ink, reading "Áslaug Einarsson". The signature is written in a cursive style with a large initial "A".

Áslaug Einarsson